

Ljósheimar fagna 40 ára afmæli



Díana Óskarsdóttir Forstjóri, Unnur Eyjólfssdóttir deildarstjóri, Baldvina Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar og Dagný Ómarsdóttir aðstoðar-deildarstjóri. Ljósmynd: Aðsend.

Hjúkrunarheimilið Ljósheimar á Selfossi fagnaði 40 ára afmæli sl. sunnudag og var þeim merka áfanga fagnað með pompi og prakt. „Ljósheimar byrjuðu sem öldrunar-

heimili á Austurvegi 28, á gamla Sjúkrahúsi Suðurlands. Fyrsti heimilismaðurinn flutti inn þann 24. mars 1984, en þá var hjúkrunarheimilið á þremur hæðum og bauð upp á pláss fyrir 24

heimilismenn. Þar var hjúkrunarheimilið starfrækt í 24 ár áður en það flutti á aðra hæð á HSU í febrúar 2008. Þremur mánuðum síðar opnuðu Fossheimar á þriðju hæð HSU og í dag bjóðum við upp á pláss fyrir 40 heimilismenn,“ segir Unnur Eyjólfssdóttir, deildarstjóri á Ljósheimum.

„Afmælisfögnuðurinn fór vonum frammar, Karlaóór Selfoss söng og starfsmenn okkar léku undir á fiðlur og píanó. GK bakaði ljúffenga köku fyrir okkur og Kjartan Björnsson hélt ræðu fyrir hönd Sveitarfélagsins Árborgar. Við viljum þakka öllum sem hafa gefið okkur gjafir og má þar sérstaklega nefna Oddfellow stúkuna Þóru, Lionsklúbbinn Dynk og Kvenfélag Grímsneshrepps,“ segir Unnur að lokum.

HGL

Byggja nýjan leikskóla í Þorlákshöfn



Á mánudag skrifuðu fulltrúar Sveitarfélagsins Ölfuss og forsvarsmenn Verkefniningar ehf. undir samning um byggingu nýs 4 til 6 deilda leikskóla sem byggður verður við Báraugötu 22 í Þorlákshöfn. Um er að ræða 880 fm fullbúinn leikskóla og er heildarsamningsfjárhæðin

595 milljónir eða rétt um 676 þúsund pr. fermetur. Tilboð Verkefniningar var það lægsta af 8 tilboðum sem bárust, um 88% af kostnaðaráætlun.

Áætlað er að með tilkomu hins nýja leikskóla verði til allt að 80 ný leikskólarými í Þorlákshöfn. Í dag er ekki biðlisti

eftir plássum en hinum nýja leikskóla er ekki hvað síst ætlað að mæta þörfum vegna vaxandi byggðar og aukinnar þjónustu.

Í tilkynningu frá bæjarstjórn segir að framkvæmdir við hinn nýja leikskóla eigi að hefjast strax og verði að fullu lokið eigi síðar en 1. sept. 2025.

Gyða og Arnhildur unnu fjóranginn í Suðurlandsdeild SS



Gyða og Hrauney. Ljósmynd: Eiðfaxi.



Arnhildur á Fáki frá Kaldbak. Ljósmynd: Eiðfaxi.

Þriðjudaginn 19. mars var keppt í fjórangi í Suðurlandsdeild SS í hestaíþróttum. Keppt er í áhugamanna- og atvinnumannaflokkum. Forkeppnin er riðin saman og síðan er þessu skipt í tvenn A úrslit.

Arnhildur Helgadóttir vann atvinnumannaflokkinn á Fáki frá Kaldbak með 7,33 í einkunn. Í öðru sæti varð Guðmunda E. Sigurðardóttir á Steinari frá Stuðlum með 7,30 og í þriðja var Stella S. Pálmarsdóttir á

Stimpil frá Strandarhöfði.

Í flokki áhugamanna var það Gyða S. Kristinsdóttir sem vann með 7,03 í einkunn en hún sat Hrauneyju frá Flagbjarnarholti. Annar varð Ívar Ö. Guðjónsson á Þrótti frá Hvammi með 6,97 í einkunn og í því þriðja varð Hermann Arason á Hólma frá Kaldbak með 6,73 í einkunn.

Stigahæsta lið kvöldsins var lið Árbæjarhjáleigu/Hjarðartúns.

Gleðilega páska

Starfsfólk Dagskrárinnar sendir lesendum óskir um gleðilega páska og vonar að þið eigið öll notalegar, súkkulaðiþylltar stundir yfir páskahátíðina.

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



TOYOTA RAV4

ÆVINTÝRIN BÍÐA ÞÍN



Toyota
Selfossi



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000





Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysrla@keysrla.is - www.keysrla.is - [f /keysrla.is](https://www.facebook.com/keysrla.is)



Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Barkastaðir - nýtt deiliskipulag
Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir tveimur byggingareitum, annars vegar 4.000 m² hótélbyggingu fyrir 90 gesti og hins vegar 1.500 m² starfsmannahús með möguleika á fastri búsetu. Hótélbyggingin skal vera á tveimur hæðum og allt að 11 m. miðað við gólfkóta jarðhæðar. Starfsmannahúsin eru á einni til tveimur hæðum og mænishæð allt að 7 m.

Álftavatn - nýtt deiliskipulag
Deiliskipulagstillagan nær til tveggja byggingarreita B1 og B2 í landi Álftavatns, L198192. Á byggingarreit B1 verður heimild fyrir 300 m² íbúðarhús, 500 m² hesthús og 500 m² skemmu. Hámarkshæð mænis verður allt að 8 m. Á byggingarreit B2 verður heimilt að byggja sex 80 m² gestahús og hámarks mænishæð verður 5 m. Tillagan gerir einnig ráð fyrir 3 ha. skógræktarsvæði við B2.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 27. mars 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögunar og er athugasemdarfrestur veittur til og með 3. maí 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra.

Barkastaðir - breyting á aðalskipulagi
Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að breyta 15 ha. landi úr Barkastöðum sem er landbúnaðarland (L2) í verslunar- og þjónustusvæði (Vb) undir hótél sem rúmar 90 gesti.

Hægt að nálgast skipulagstillöguna á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 27. mars 2024 með athugasemdarfrest til og með 3. maí 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir
Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs
Rangárþings eystra

Adrenalín í Aratungu

Frum samið leikverk var flutt á sviðinu í Aratungu í byrjun mars. Verkið sömdu þær Kolfinna Sjöfn Ómarsdóttir og Þórkatla Loftsdóttir, árs hátíðarformenn Mímis og byggðu söguþráðinn í kringum tónlist hljómsveitarinnar Í svörtum fötum. Frumsýning fór fram fyrir húsfylli fimmtudaginn 7. mars og heiðursgestir á sýningunni voru meðlimir hljómsveitarinnar Í svörtum fötum og þeir félagar Áki Sveinsson, Hrafnkell Pálmarsson, Einar Örn Jónsson og Páll Sveinsson mættu á svæðið og fylgdust spennitir með sýningunni. Skólameistari var sessunautur heiðursgestanna og gat staðfest að hljómsveitar-meðlimirnir voru hrifnir af sýningunni og hlógu hátt og snjallt þegar það var við hæfi.

Leiksigar voru fjölmargir á meðal nemenda en með aðalhlutverk fór Ragnar Leó Sigurgeirsson og túlkaði hann sein-

heppinn ML-ing sem reynir að komast af stað í útskriftarferð en það gengur frekar erfiðlega, í það minnsta svona framan af. Á sviðinu voru svo fjölmargar minni persónur sem stálu sennu reglulega í gegnum sýninguna. Leikararnir létu ljós sitt skína og til sín taka á fjölbreyttan hátt, hvort sem var í gegnum dans eða hnyttin tilsvör og sýndi leikhópurinn af sér mikla leikgleði – sviðljósinu var dreift

á fjölda karaktera og því deilt af gjafmildi. Sérstaka athygli vöktu dans- og sönghæfileikar á sviði að ógleymdri Adrenalín hljómsveitinni sem stóð sig með mikilli þrýði.

Það verður spennandi að fylgjast með þessum ungu listamönnum í framtíðinni því framtíðin er sannarlega þeirra!

Menntaskólinn að Laugarvatni
/ Jóna Katrín



Skólar Árnessýslu duglegir að heimsækja Listasafn Árnesinga

Það hefur verið gaman fyrir starfsmenn Listasafns Árnesinga að taka á móti skólahópum frá opnun fjögurra nýrra sýninga í safninu. Hafa sýningar vakið upp margar spurningar hjá börnunum og vonast starfsmenn til að heimsóknirnar haldi áfram eftir páska og minna á mikilvægi að senda póst til safnsins og bóka leiðsögn með verkefnastjóra fræðslu. frædsla@listasafnarnesinga.is



Safnið verður opið um páskana og frítt inn eins og alltaf.



Ef garðálfar gætu talað

Á sýningunni
Ef garðálfar gætu talað
er horft inn í veröld þeirra
sem byggðu sér litríka
sæluceiti í hjóllhýsabyggð
á Laugarvatni.

Ljósmyndararnir
Þórdís Erla Ágústsdóttir
og Sigríður Rut Marrow
mynduðu þetta sérstæða
samfélag í þrjú sumur.

*Ef garðálfar gætu talað er fjórtingamyning
frá fjórháttunni í Íslandi.*

Félagið hefur 25. mars - 1. apríl
síð 11.00-17.00 og alla dagana í apríl
síð 10.00-17.00
info@byggisafn.is • byggisafn.is





JÓGVAN HANSEN VALDIMAR GUÐMUNDSSON BOGOMIL FONT UNNUR BIRNA BJÖRNSDÓTTIR

STÓRTÓNLEIKAR Í ELDBORG HÖRPU 26. MAÍ

HAUKUR MORTHENS

100 ÁRA

HLJÓMSVEIT UNDIR STJÓRN KARLS OLGEIRSSONAR
SÉRSTAKIR GESTIR: KARLAKÓR KJALNESINGA

 HARPA MIDASALA Á HARPA.IS
OG Í SÍMA 528 5050



SKÍTAMÓRALL

SVIDIÐ SELFOSSI UM HVÍTASUNNUHELGINA
17., 18. OG 19. MAÍ

MIDASALA Á SVIDID.IS

 SVIDIÐ
SELFOSSI

Eflum tengsl heimila og leikskóla

Dagana 6. febrúar til 19. mars 2024 var haldið hagnýtt íslenskunámskeið fyrir foreldra barna með fjölmennningarlegan bakgrunn á leikskólaaldri í sveitarfélaginu Árborg. Um var að ræða þróunarverkefni hjá Fjölskyldusviði Árborgar styrkt af Þróunarsjóði innflytjendamála. Svipuð námskeið voru haldin árið 2021 og svo veturinn 2022-23 fyrir foreldra barna á grunnskólaaldri og gengu mjög vel. Það var okkur hvatning til að þróa einnig námskeið á leikskólastigi.

Markmið verkefnisins var að bjóða foreldrum leikskólabarna með fjölmennningarlegan bakgrunn upp á íslenskunámskeið þar sem þau fá tækifæri til að kynna helstu hugtökum og efla orðaforða tengdu leikskólastarfi. Á skólaárinu 2023-2024 eru í sveitarfélaginu Árborg u.þ.b. 120 leikskólanemar með fjölmennningarlegan bakgrunn sem samtals tala u.þ.b. 30 tungumál. Rannsóknir sýna að tungumálaörðuleikar foreldra geta hindrað þátttöku þeirra í leikskólastarfi. Fjölskyldusvið Árborgar ásamt öllum leikskólum Árborgar tóku þátt í verkefninu.

Kennt var eitt kvöld í viku í sjö vikur, samtals 14 kennslustundir. Námskeiðið fór fram í leikskólanum Jötunheimum á Selfossi. Kennarar námskeiðsins voru Elín Anna Lárusdóttir og Margarita Hamatsu en þær eru leikskólakennarar með mikla reynslu og áhuga á fjölmenningu. Að kennslunni komu einnig Aneta Figlarska, kennsluráðgjafi í fjölmenningu, Anna Katarzyna Wozniczka, verkefnastjóri í málefnum flóttamanna og Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir, leikskólaráðgjafi.

Tilgangurinn var að auðvelda foreldrum að eiga í virkum samskiptum við leikskólann, hvort sem um dagleg eða formleg samskipti er að ræða s.s. í foreldraviðtölum og við notkun á Völu (samskiptaforriti leikskólanna). Einnig að kynna fyrir þeim þær frístundir sem í boði eru í sveitarfélaginu og fyrirkomulag skráninga því tengdu. Boðið var upp á fjölbreytta fræðslu, en notast var við vefsíðu Árborgar og Fjölmenningsarsíðu Árborgar til að styðja foreldra í hagnýtri notkun þeirra og upplýsingaöflun. Hugmyndafræði menntunar fyrir alla og virks fjöltyngis voru útskýrð og rædd. Þátttakendur heimsóttu einnig bókasafn á Selfossi.

Í öllum kennslustundum var aðal áhersla lögð á íslenskan orðaforða. Börn þátttakenda fengu fjölbreytta málörvun á meðan á námskeiðinu stóð, í formi leikja og samræðna. Kennarar úr öllum leikskólum í Árborg tóku þátt í námskeiðinu og skiptust á að koma að kennslu barnanna. Safnað var upplýsingum um íslenskukunnáttu foreldra og viðhorf þeirra til námskeiðsins í upphafi og lok námskeiðsins, en stefnt er á að

kynna verkefnið á fræðslufundum víða í skólasamfélaginu.

Reynslan sem við tökum með okkur eftir námskeiðið er að nemendahópurinn er fjölbreyttur hvað varðar bakgrunn og móðurmál. Þarfir nemenda eru ólíkar og margt í sambandi við t.d. skráningar í Völu, þátttöku foreldra í námi barna eða þjónustu á vegum sveitarfélagsins sem þeir þekktu ekki fyrir. Nemendur fengu gott rými til að tjá sig og spyrja spurninga og virtust öruggir. Þeir voru mjög áhugasamir um áframhaldandi nám og þá kom einnig fram hugmynd frá hópnum um að stofna fjölmennningarlegan saumaklúbb. Með verkefni sem þessu verður þörfin á að styðjast við túlk minni, samstarf á milli heimilis og skóla eflist og tengslanet fjölskyldunnar styrkt. Verkefnið eflði einnig skilning kennara á aðstæðum þessara fjölskyldna.

Elín Anna Lárusdóttir og Margarita Hamatsu, kennarar námskeiðsins;
Aneta Figlarska, Anna Katarzyna Wozniczka og Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir, umsjónarmenn verkefnisins.



Vel heppnað margmála ljóðakvöld í Listasafni Árnesinga

Álþjóðlegum degi ljóða, 21. mars sl. var haldin margmála ljóðastund í Listasafni Árnesinga. Voru það Bókabæir austanfjalls í samstarfi við Listasafn Árnesinga og Tónlistarskóla Árnesinga sem stóðu fyrir viðburðinum. Var þetta vel heppnuð og falleg stund þar sem ljóð á ýmsum tungumálum fengu að hljóma um safnið, m.a. á spænsku, kínversku, búlgörsku, færeysku og fleiri tungumálum. Verður viðburðurinn endurtekinn aftur.



Gáta vikunnar

Visnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Er að munstra áhöfn nú, (sögn í nafnh.)
og í hurðum flestum sú.
Oft við símann áður var,
einn í mínus, – það er þar.

Svar við gátu í blaði 2744: **LÓÐ**
4. lína: (F)**LÓÐ**



Mig langar að byrja á því að þakka ríkisstjóranum mínum, henni Friðborgu, fyrir áskorunina.

Ég ætla að gefa ykkur uppskrift af lauksúpu frá tengdababba. Hún er bæði einföld og einstaklega góð.

- 5-6 gulrætur
- 1 stk blaðlaukur
- 1/2 hvítkálskaus
- 3 tsk tómaturré
- 5-6 stk laukar
- 2 tsk paprikuduft
- 2 tsk laukduft
- Salt og pipar
- 1 teningur kjúklingakraftur og 1 grænmetisteningur
- 2 Ltr vatn
- 4-6 fransbrauðsneiðar
- 1 pk mozzarellaostur (rifinn)

Saxið niður gulrætur, blaðlauk og hvítkál.
Steikið við frekar snöggan hita á pönnu.
Bætið úti papriku-laukdufti ásamt tómaturré.
Hellið í pott ásamt grænmetis og kjúklingakraftinum, bætið vatninu úti.
Látið sjóða í um 20-30 mín.
Bætið salt og pipar að vild.
Takið laukinn í tvennt og saxið hann í hálf sneiðar.
Steikið laukinn á snöggum hita þar til að laukurinn verður gullinn og meyr. (ekki brúnn)
Sigið grænmetissoðið og hellið lauknum úti og látið sjóða um stund.



Jenný Kjartansdóttir er sunnlenski matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

Setjið súpuna í eldfast mót leggið brauðið ofaná og ost yfir.
Bakið í ofni þar til að osturinn fær fallegan gljáa.

Einnig langar mig að koma með eitthvað sætt og gott. Hér er uppskrift af púðursykurstertu frá mömmu, sú terta var mjög vinsæl hjá henni í T-bæ. Mér finnst hún rosalega góð og jafnvel best á 2.-3. degi.

4 eggjahvítur
4 dl púðursykur
1 tsk lyftiduft
Eggjahvítur, púðursykur og lyftiduft stíffeytt saman. Tveir botnar bakaðir á blæstri, 150gr í 90 mín.
Tæplega 1/2 líter af rjóma og hálfur poki af súkkulaðisþæni sett á milli.

Mér finnst best að stíffeytta rjómann ekki alveg.

Mig langar að skora á samstarfskonu mína hana Sigríði Ósk Jensdóttur að koma með einhverja góða uppskrift fyrir okkur. Við erum búnar að vinna saman í nokkur ár og ekki líður sá dagur að við tölum ekki um mat eða kökur. Ég veit að hún gerir mjög góðan mat og kökur.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Sóknarnefnd Selfosskirkju býður kirkjugestum upp á hressingu á páskadagsmorgun

Eins og undanfarin ár býður sóknarnefnd Selfosskirkju öllum kirkjugestum að þiggja hressingu að aflokinni messu á páskadagsmorgun. Hefð hefur skapast fyrir því að messa á páskadagsmorgun kl. 8.00. Það hefur verið ánægjulegt að sjá að hátt í eitt hundrað kirkjugestir eru að mæta í kirkju á þessum tíma. Verið velkomin í Selfosskirkju, hlökkum til að sjá ykkur, gleðilega páska.

Björn Ingi Gíslason, formaður sóknarnefndar.





Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.

Bláðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysinga@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



STARF

Skelltu þér í rekstur og viðhald með okkur!

Við óskum eftir liðsauka í öflugt teymi starfsfólks á þjórsársvæði þar sem við rekum sjö vatnsaflsstöðvar og tvær vindmyllur. Í starfinu felst viðhald, eftirlit og rekstur aflstöðva og veitumannvirkja. Starfið er fjölbreytt og krefjandi en verkefni fela meðal annars í sér ástandsmælingar og greiningar á raf- og vélbúnaði.

Hæfni og þekking:

- Menntun af rafmagnssviði, rafvirkja- og/eða rafiðnfræði
- Þekking á viðhaldi búnaðar; véla-, vökva- og rafkerfa
- Reynsla af raforkuvirkjum og iðnaði er kostur
- Lipurð í mannlegum samskiptum og samstarfi
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Góð tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 4. apríl

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar landsvirkjun.is/storf



SAMFÉLAGSVERKEFNI

Margar hendur vinna létt verk


Landsvirkjun vill vera góður granni og hefur því um margra ára skeið starfrækt öflugan sumarvinnuflokk ungs fólks.

Sumarið 2024 munu starfshópar frá okkur sinna fjölbreyttum verkefnum í nágrenni við aflstöðvar okkar.

Nágrannar aflstöðva Landsvirkjunar geta sótt um vinnuframlag og verkstjórn hjá *Margar hendur vinna létt verk* - meðal annars vegna verkefna sem lúta að ræktun, hreinsun, viðhaldi og umhverfisbótum ásamt öðrum samfélagsverkefnum.

Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl.
Hægt er að sækja um á landsvirkjun.is/margarhendur

Hafðu samband ef þú ert nágrenni okkar og vilt fá vinnuhóp í heimsókn í sumar.



Vinnuskóli Bláskógabyggðar 2024
Flokkstjóri óskast



Bláskógabyggð óskar eftir að ráða flokkstjóra yfir vinnuskóla sveitarfélagsins og umhirðu opinna svæða og tilfallandi umhverfisverkefna sumarið 2024. Aldurstakmark er 20 ár, kröfur eru gerðar um almenn ökuréttindi og hreint sakavottorð. Starfstími er frá miðjum maí til loka júlí. Möguleiki er á starfi til 20. ágúst. Starfsvæðið er á Laugarvatni, Laugarási og í Reykholti. Umsóknarfrestur er til 10. apríl nk. Einstaklingar eru hvattir til að sækja um, óháð kyni.

Umsóknir berist á netfangið
kristofer@blaskogabyggd.is.

Upplýsingar gefur Kristófer í síma
860-4440 og 480- 3000.

Kerhólsskóli auglýsir eftirtaldir
stöður skólaárið 2024-2025.



Í skólanum eru rúmlega sjötíu nemendur í frá eins árs og upp í 10. bekk. Í Kerhólsskóla er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám, teymiskennslu og útinám. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði „Uppeldi til ábyrgðar“. Leitað er eftir sjálfstæðu og drífandi fólki með mikla þekkingu og áhuga á skólastarfi.

Eftirtaldir stöður eru lausar til umsóknar:
Umsjónarkennarar á yngsta- og miðstig
ásamt öðrum verkefnum í teymiskennslu, 100% stöður.

List- og verkgreinakennari (smíði, textil, o.fl.),
75% -100% stöðu.

Sérkennari / þroskajálfi í 100% stöðu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til kennslu
- Frumkvæði og hæfni til að skipuleggja nám í fjölbreyttum nemendahópi þar sem allir fá að njóta sín á eigin forsendum.
- Mjög góð hæfni í samskiptum, jákvæðni og sveigjanleiki í starfi
- Færni í að vinna í teymum og að fjölbreyttum verkefnum.
- Þekking á Uppeldi til ábyrgðar
- Þekking og reynsla af útinámi
- Góð íslenskukunnátta

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélag.

Umsókn um störf skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil og afrit af leyfisbréfi, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið og upplýsingar um umsagnaraðila. Fólki af öllum kynjum er hvatt til að sækja um. Umsækjendur verða að hafa hreint sakavottorð.

Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl 2024. Nánari upplýsingar veitir Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri í síma 480-5520 / 863-0463 og jona-bjorg@kerholsskoli.is Umsóknir sendist á netfangið jonabjorg@kerholsskoli.is

Bergrós, best í heimi

Það er óhætt að segja að 17 ára Selfyssingurinn og CrossFit stjarnan Bergrós Björnsdóttir hafi byrjað árið af krafti, en Bergrós, ásamt hinni bandarísku Kendall Gilmore, situr í fyrsta sæti af rúmlega 1600 keppendum í flokki 16-17 ára eftir hörkukeppni í Open, fyrstu af þremur undankeppnum fyrir heimsleikana í CrossFit 2024, sem lauk 18. mars sl. Er Bergrós þar með orðin fyrsta íslenska stelpu til að vinna Open í aldursflokki. Hvergerðingurinn Björgvin Karl endaði í 22. sæti í sínum flokki á sama móti.

„Open er sérstök keppni. Þetta er eina keppnin þar sem þú ert að keppa á móti öllum (crossfitturum) í heiminum á sama tíma. Stefnan er aldrei sett á að vinna Open því það er svo langt í heimsleikana og þú vilt ná þínu toppi á réttum tíma. Það er því extra sætt að vinna Open, bæði ertu að keppa á móti öllum í heimi og þú ert frekar langt frá þínu besta formi,“ segir Eggert Ólafsson, þjálfari Bergrósar, í færslu á Instagram þar sem hann deilir árangri Bergrósar.

„Það kemur án efa mörgum á óvart að Bergrós hafi unnið þessa keppni þar sem áfingarnar í ár hentuðu alls ekki hennar styrkleika. Þetta sýnir að hún er heldur betur búin að vinna í sínum veikleikum undanfarna mánuði en hún heldur ótrauð áfram og tekur þátt í Quarter Finals, sem er önnur keppnin fyrir heimsleikana. Sú keppni byrjar þann 17. apríl og fer fram á netinu. Það verður mjög spennandi keppni því að úr henni ræðst hverjir komast áfram í síðustu undankeppnina fyrir heimsleikana,“ segir hin óhjákvæmilega stolta móðir Bergrósar, Berglind Hafsteinsdóttir, í samtali við Dagskrána.

Myndavélar, dekur og hörð samkeppni á Spáni

Það stefnir allt í að 2024 verði hennar stærsta ár hingað til en Bergrós er nú stödd á Mallorca á Spáni þar sem hún tekur þátt í The Crown, CrossFit móti þar sem 12 af bestu CrossFit unglingum heims, 6 strákar og 6 stelpur, keppast um krúnuna. Bergrós er ein þriggja íslendinga

á mótinu sem hefst í dag og lýkur á sunnudag. „Aðaláherslan er á að allir unglingarnir fái sem bestu mögulegu upplifunina og þar verður í raun dekrað dálítið við þau. Þau búa öll saman í kastala og eru með einkakokk sem eldar ofan í þau. Kastalinn er umvafinn fallegri náttúru þar sem þau munu svo keppa á ströndinni, hjóla í fjöllum og synda í sjónum svo eitthvað sé nefnt. Einnig verður gerð heimildarmynd um keppnina þannig að þau þurfa að venjast því að hafa myndavélina á hælum sér,“ segir Berglind.

Ætti að fljúga inn á heimsleikana

SemiFinals, Evrópumótið í CrossFit í fullorðinsflokki, verður svo haldið í Frakklandi 17.-19. maí, og er það draumur okkar konu að vinna sér inn rétt til þess að keppa þar. Bergrós hefur svo sannarlega sýnt og sannað að hún á vel heima á meðal þeirra bestu í heimi þar sem hún keppti í þeim flokki á stóru alþjóðlegu móti, Wodapaloza, sem fram fór í Miami í janúar síðastliðnum, með góðum árangri.

Þar með er þó ekki öll sagan sögð um komandi keppnir á árinu hjá Bergrós þar sem hún vann sér sl. haust inn rétt á Heimsmeistaramót í Ólympískum lyftingum 2024 sem fram fer í Perú lok maí og er nú skráð í þá keppni. Bergrós hefur þó hvorki verið að æfa né keppa í ólympískum lyftingum þar sem CrossFit á hug hennar allan. Síðasta stórmót hennar var heimsmeistaramót sem fram fór í Mexíkó fyrir tveim árum en þar endaði hún í 8. sæti U-17 ára. Þetta mun verða hennar síðasta ár í flokki U-17 ára og verður því gríðarlega spennandi að sjá hvað hún gerir á þessu móti.

Í lok ágúst verða svo heimsleikarnir í CrossFit sem fram fara í Bandaríkjunum en fyrst þarf Bergrós að komast í gegnum allar undankeppnirnar sem lofa heldur betur góðu þar sem hún situr sem fyrr segir í 1. sæti eftir fyrstu keppnina, sem reyndi helst á veikleika hennar, og ætti samkvæmt því að fljúga inn á heimsleikana.



Frá Íslandsmótinu í október 2023 þar sem Bergrós tryggði sér fyrsta sæti í fullorðinsflokki.

Í ár komast 30 stelpur í heiminum að í flokk 16-17 ára, en undanfarin ár hafa aðeins efstu 10 komist að og því mikil breyting þar á, en þess má geta að Bergrós endaði í þriðja sæti í sínum aldursflokki á heimsleikunum í fyrra.

Engar greiðslur fyrir verðlaunasæti

CrossFit er ekki undir neinu félagi og lendir því allur kostnaður fyrir flug, gistingu og upphald fyrir hana og þjálfarann hennar, á henni sjálfri og foreldrum, en að sjálfsögðu fylgir foreldri fast á eftir henni með tilheyrandi kostnaði. Ólíkt keppendum í fullorðinsflokki fá keppendur í unglingaflokki engar greiðslur fyrir verðlaunasæti.

„Okkur langar að bjóða fyrirtækjum að styðja og styrkja þessa mögnuðu stelpu okkar sem lætur ekkert stoppa sig í sínum draumum. Við munum prenta logo viðkomandi fyrirtækja á peysu sem Bergrós mun vera í á milli staða og greina, á öllum mótum hirlendis sem og erlendis og jafnvel eitthvað þess á milli,“ segir Berglind að lokum.

Fyrir þau sem vilja ná sér í þrælgóða auglýsingu á sínu fyrirtæki er hægt að hafa samband við Berglindi á bolsturlist@gmail.com, en frjáls framlög eru einnig kærkomin. Kt: 060207-2160 RN: 0511-14-013564.

HGL



Bergrós á heimsleikunum 2023 þar sem hún endaði í þriðja sæti.

ICELAND		GIRLS (16-17)
BERGRÓS BJÖRNSDÓTTIR		2024 OPEN 1ST
CROSSFIT SELFSS		LEVEL
OPEN		
YEAR	LOCATION	WORLD RANK
2024	GIRLS (16-17)	1ST
2023	GIRLS (16-17)	21ST
2022	GIRLS (14-15)	10TH
2021	GIRLS (14-15)	12TH

Bergrós trónir á toppnum með 12 stig.a

HÁSKÓLABRÚ KEILIS

Kynningarfundur

- 🕒 4. apríl kl. 16:30
- 📍 Fjölheimar á Selfossi
- 📄 keilir.net/haskolabru



**Dönsk
Gæði**

Stækkaðu eign þína
með fallegu garðhúsi og
njóttu veðursins allan
ársins hring

Sölusýning
Garðhús & gróðurhús

JULIANA®

Allar stærðir af
Grand Oase garðhúsum
frá Juliana bjóðast með
frábærum kynningarafslætti
til 15. apríl 2024

Tilboð
Grand Oase

Grand Oase 25.6m²
400þ. kr. afsláttur
Verð 3.449.000

Grand Oase 18.8m²
300þ. kr. afsláttur
Verð 1.990.000

Grand Oase 13 m²
200þ. kr. afsláttur
Verð 1.737.000
(Verð eru án grunnfestingu)

Laugardaginn 6. apríl kl. 12–16 hjá
HÚS fasteignasölu að Austurvegi 26

Húsin eru seld í stöðluðum stærðum sem þýðir að þú færð
sólhýsin á mjög hagstæðu verði. Hægt er að skoða uppsett
Juliana sýningarhús í Reykjavík.

Gildir til 15. apríl.



Skóðaðu úrvalið

www.UXhome.is

SÖLUADILI FYRIR SUÐURLAND:

Snorri Sigurfinnsson
Löggiltur fasteignasali - s 8648090
Netfang: snorri@husfasteign.is



JULIANA ORANGERI 15.2 til 21.5 m²
Verð frá 2.021.000 án grunnfestinga



JULIANA PREMIUM 8.8 til 13.5 m²
Verð frá 1.190m. án grunnfestinga



JULIANA VERANDA 4.4m² - 12.9 m²
Verð frá 789.000 án grunnfestinga



HALLS QUBE LEAN-TO 7.1 m²
Verð 456.000 án grunnfestinga



JULIANA JUBII / 15m²
Verð kr. 1.415.000 án grunnfestinga



FYLGIHUTIR OG GRUNNAR
Mikið úrval af fylgihlutum svo sem hillur
og gárdinur o.fl. ásamt grunnfestingum.

Forboðinn fögnuður á blóðrauðu bókasafni

Forboðinn fögnuður á blóðrauðu bókasafni var yfirskrift viðburðar sem var á Bókasafninu á Selfossi síðastliðinn fimmtudag. Viðburðurinn var upphafið af afmælishátíð Hins íslenska glæpafélags sem fagnar 25 ára afmæli í ár.

Glæpasagnahöfundarnir Ævar Örn Jóseppsson foringi glæpafélagsins og Viktor Arnar Ingólfsson rifjuðu upp tilurð félagsins sem varð til þegar „nokkrar glæpsamlega þenkj-

andi sálir rottuðu sig saman í reykyfylltu bakherbergi árið 1999, stofnuðu Hið íslenska glæpafélag og byrjuðu að plotta eitt allsherjar útsmogið samsæri um að koma íslensku glæpa-sögunni rækilega á íslenska bókmenntakortið“, svo notuð séu orð foringjans. Síðan hefur geisað glæpafár í íslenskum bókmenntum sem sannarlega er rétt að fagna. Auk þeirra Ævars og Viktors kom nýjasta stjarna glæpabókmenntanna og hand-

hafi Blóðdropans, Eva Björg Ægisdóttir í hinn forboðna fögnuð. Eva Björg sagði frá skrifum sínum og las upp úr nýjustu bókinni sinn, Heim fyrir myrkur.

Eins og í öllum góðum afmælum var afmæliskaka sem að þessu sinni var borin fram með blóðrauðum drykk og þær Rakel Sif Ragnarsdóttir og Esther Erla Jónsdóttir sérfræðingar á bókasafninu létu ekki sitt eftir liggja og skreyttu safnið eins og þeim einum er lagið.



Bókasafn Árborgar á Selfossi

TJALDSVÆÐIÐ Á BORG

Grímsnes- og Grafningshreppur auglýsir til leigu tjaldsvæðið á Borg. Um er að ræða land fyrir tjaldsvæði og mannvirki sem tilheyrir rekstri tjaldsvæðis. Leitað er eftir aðila sem hefur áhuga á að koma að áframhaldandi uppbyggingu og þróun svæðisins.

Borg er staðsett vel á gullna hringnum í grennd við Kerið. Stórt hlutfall ferðamanna sem koma til landsins keyra framhjá svæðinu og gífurlegur fjöldi innlendra ferðamanna kjósa að gista í sveitasælunni á Borg. Á Borg er einnig vinsæl sundlaug sem nýtur mikillar lukku meðal íbúa og ferðamanna. Stutt er í náttúru, leiksvæði, veitingastaði, golfvelli og alla helstu þjónustu frá tjaldsvæðinu.

Leigutaki skal sjá um allan rekstur svæðisins og mannvirkja sem þar eru, innheimtu afnotagjalda, upplýsingagjöf og þjónustu við ferðamenn, auglýsingar fyrir svæðið og annað tilheyrandi. Leigutaki hefur allar tekjur af rekstri svæðisins, sem og allan kostnað. Til kostnaðar telst m.a. rafmagn, þríf á svæðinu og mannvirkjum, sláttur og eftirlit.

Skilyrði er að starfrækt sé tjaldsvæði sem er opið almenningi a.m.k. frá byrjun maí til loka september.

Grasflatir svæðisins eru samtals u.þ.b. 24.000 m2 og er svæðið vel útbúið af rafmagnstenglum. Leigusamningur verður gerður til þriggja ára, með möguleika á framlengingu um tvö ár í heildina. Gert er ráð fyrir að nýr rekstraraðili taki við svæðinu fyrir sumarið 2024.

Umsóknum skal fylgja stutt greinargerð um sýn umsækjanda á rekstur svæðisins. Greinargerðin verður lögð til grundvallar vali á umsækjanda.

Fyrir frekari upplýsingar um svæðið, skilmála fyrir leigu eða bókun á vettvangsskoðun á svæðinu, vinsamlegast hafið samband við gogg@gogg.is. Boðið verður upp á vettvangsskoðanir 2. – 5. apríl samkvæmt samkomulagi.

Áhugasamir sendi umsókn á netfangið sveitarstjori@gogg.is í síðasta lagi 15. apríl 2024.



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR



Stekkjaskóli - laus störf



Stekkjaskóli auglýsir fjölbreyttar og áhugaverðar stöður fyrir næsta skólaár. Skólinn leggur m.a. áherslu á teymiskennslu, teymisvinnu, tækni og nýsköpun, skapandi skólastarf, umhverfismál og jákvæðan skóla-brag.

- Umsjónarkennarar á yngsta- og miðstig
- Íþróttakennari, tímabundin ráðning
- Stuðningsfulltrúar á miðstig
- Matráður

Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl 2024.

Sjá nánar á ráðningarvef sveitarfélagsins <https://sveitarfelagid-arborg.alfred.is/> og á heimasíðu skólans www.stekkjaskoli.is.

Upplýsingar um störfin veita Hilmar Björgvinsson, skólastjóri, hilmarb@stekkjaskoli.is, sími 480-1600 / 863-0922 og Ástrós Rún Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri, astros@stekkjaskoli.is, sími 480-1600.

Aðalfundur Kaupfélags Árnesinga

verður haldinn í Framsóknarhúsinu
Eyrvegi 15 2.hæð, á Selfossi

Þriðjudaginn 9. apríl 2024 og hefst kl 14:00

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf samkv.
samþykktum félagsins.

Breytingar á samþykktum félagsins.

Stjórn Kaupfélags Árnesinga



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar skipulagslýsingar eftirfarandi skipulagsáætlana:

1. Langholtskot: Landbúnaðarland í frístundabyggð; Aðalskipulagsbreyting - 2403008

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. mars 2024 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 og nýs deiliskipulags. Tillagan tekur til um 24 ha spildu innan jarðar Langholtskots L166796. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér breytingu á landnotkunarflokki svæðisins úr landbúnaðarlandi yfir í frístundabyggð. Samkvæmt skipulagslýsingu hefur landeigandi uppi áform um að útbúa lóðir fyrir allt að 15-20 frístundahús. Yrði þetta gert í 2-3 áföngum. Aðkoma yrði um núverandi veg að námu frá Þjóðvegi 341, Langholtsvegi.

2. Skeiða- og Gnúpverjahreppur; Áhrifasvæði Búrfellslundar og nýtt afþreyingar og ferðamannasvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2403001

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. mars 2024 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Með breytingunni verður mörkuð stefna um áhrifasvæði fyrirhugaðs Búrfellslundar innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps og sett inn nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði austan við Sultartangastöð og skammt vestan Þjórsár. Sveitarfélagið metur stefnu gildandi aðalskipulags þannig að hún komi ekki í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif innan sveitarfélagsins sem verða vegna framkvæmda eða landnotkunar í nágrennasveitarfélögum. Því sé þörf á breyttri stefnu. Stefna vegna áhrifasvæðis Búrfellslundar verður á þá leið að öll neikvæð umhverfisáhrif sem kunna að verða vegna fyrirhugaðs Búrfellslundar og geta skert möguleika til landnýtingar innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps eru óheimil innan marka sveitarfélagsins. Til dæmis á þetta við um skuggavarp frá vindmyllum, ískast vegna ísingar á spöðum, skerðingu á víðernum, sýnileika og ásýnd vindmylla ásamt hljóðvist. Á afþreyingar- og ferðamannasvæði verður heimilt að vera með skálasvæði, áningarstað, gistingu og veitingar í tengslum við útivist. Gert er ráð fyrir að starfsemi verði rekin allt árið. Stærð svæðis er um 2 ha. Gerð verður breyting á stefnu í greinargerð og sett inn nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði á sveitarfélagsupprætti fyrir afreitt.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

3. Árnes; Þéttbýli; Landnotkunarflokkar; Aðalskipulagsbreyting - 2303052

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. febrúar 2024 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar er varðar þéttbýlið í Árnesi. Breytingin nær yfir vesturhluta þéttbýlisins í Árnesi, þann hluta sem er norðan við Þjórsárdalsveg. Á allra næstu árum sér sveitarfélagið fram á að mikil þörf verði fyrir íbúðarhúsnæði í Árnesi og snýst breytingin um að koma til móts við áætlaða þörf fyrir íbúðarhúsnæði

samhliða uppbyggingu á þjónustu sem því fylgir. Þetta kallar á ný svæði fyrir íbúðarbyggð. Fjölgun íbúa kallar á meiri þjónustu og sveigjanleika í landnýtingu, því er hluti svæðisins gerður að miðsvæði með rúmum heimildum fyrir atvinnustarfsemi, þjónustu og íbúðir.

Samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsbreytinga:

4. Dalbraut 10-12 Laugarvatni; Breytt lóðarmörk og byggingarreitur; Deiliskipulagsbreyting - 2403022

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20. mars 2024 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar er varðar lóðirnar Dalbraut 10 og 12 á Laugarvatni. Í breytingunni felst breytt lega lóða og byggingarreita, skilgreiningar á bílastæðum og nýrri útakstursleið niður Torfholt. Samhliða er heimildum er varðar hæðarfjölda á Dalbraut 12 breytt í 2h og kjallara til samræmis við hús á lóð 10.

5. Reykjabraut 1 Laugarvatni; Mænishæð og byggingarreitur; Deiliskipulagsbreyting - 2401063

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20. mars 2024 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Reykjabrautar 1 á Laugarvatni. Í breytingunni felst að skilmálum lóða við Reykjabraut verði breytt með þeim hætti að í stað hæðar og kjallara verði heimildir fyrir húsi á 1 hæð með risi. Hámarkshæð húsa verði 6,8 metrar í stað 5,9 metra frá gólfplötu aðalhæðar. Að auki er gert ráð fyrir að skilgreindur göngustígur á milli Reykjabrautar 1 og 3 verði felldur út úr skipulagi og byggingarreitur lóðarinnar verði stækkaður svo að bílskúr rúmist innan reitsins. Aðrir skilmálar deiliskipulagsins eru óbreyttir.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna www.blaskogabyggd.is, <https://www.fludir.is/> og <https://www.skeidgnup.is/>. Mál 1 og 2 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 27. mars 2024 með athugasemdafresti til og með 19. apríl 2024. Mál 3 - 5 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 27. mars 2024 með athugasemdafresti til og með 10. maí 2024.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is. Bendum jafnframt á að málin eru aðgengileg á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122

Daglegar ferðir

SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Tölvu- og
snjalltækþjónustaÉg kem á staðinn og geri
við tölvuna eða snjalltækið.Tek að mér verk í
Árnessýslu,
Rangárvallasýslu og
Mýrdalshreppi.

Upplýsingar á kynngi.is

FÉLAGSSTÖRF

SKRIFSTOFA
FEBSELLokað fimmtudaginn
28. mars

OPIÐ HÚS

Fim. 28. mars skírdagur
Opið hús fellur niðurFim. 4. apríl
Öldungaráð Árborgar
mætir í opið hús

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedzialek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholti 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundur
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn með-
höndlun

Yoga Nidra

Djúpslökun, byrjar
3.5. og 8. apríl
1x í viku
á nýja staðnumRagnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.isCand.mag. í iðrottafræðum,
nálistungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsunuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

KIRKJUR

Hveragerðiskirkja
hátiðarguðsþjónusta kl. 8 á páska-
dagsmorgun. Sr. Ninna Sif
Svavarsdóttir þjónar. Kirkjukórinn
leiðir safnaðarsöng undir stjórn
Miklós Dalmay organista.

Kotstrandarkirkja

helgistund á föstudaginn langa kl.
13. Unnur Birna Björnsdóttir ann-
ast tónlistarflutning.
Pílagrímaganga frá
Hveragerðiskirkju hefst kl. 11.30.
Hátiðarguðsþjónusta á páskadag
kl. 14. Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir
þjónar. Kirkjukórinn leiðir safnað-
arsöng undir stjórn Miklós Dalmay
organista.

Þorlákskirkja

Skírdagur -
Fermingarmessa kl. 13:30
Kór Þorlaks- og Hjallakirkju leiðir
safnaðarsöng undir stjórn Esterar
Ólafsdóttur, organista.
Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir
þjónar
Verum öll velkomin

Páskadagur -

Hátiðarguðsþjónusta kl. 10:00
Kór Þorlaks- og Hjallakirkju leiðir
safnaðarsöng undir stjórn Esterar
Ólafsdóttur, organista.
Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir
þjónar
Verum öll velkomin

Hjallakirkja

Páskadagur -
Hátiðarguðsþjónusta kl. 13:30
Kór Þorlaks- og Hjallakirkju leiðir
safnaðarsöng undir stjórn Esterar
Ólafsdóttur, organista.
Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir
þjónar
Verum öll velkomin

Strandarkirkja

Páskadagur -
Hátiðarguðsþjónusta kl. 15:00
Kór Þorlaks- og Hjallakirkju leiðir
safnaðarsöng undir stjórn Esterar
Ólafsdóttur, organista.
Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir
þjónar
Verum öll velkomin

Hrepphóla kirkja

Passíusálmafestur hefst kl. 12
á föstudaginn langa 29. mars.
Fjöldi lesara á öllum aldri kemur
að lestrinum. Kaffiveitingar í safn-
aðarheimili á meðan á lestri stend-
ur en áætlað er að honum ljúki
upp úr kl. 16. Verið öll velkomin!

Ólafsvallakirkja

Hátiðarmessa á páskadag 31.
mars kl. 11. Kirkjukórinn syngur
undir stjórn Þorbjargar
Jóhannsdóttur organista. Verið öll
velkomin!

Hrunakirkja

Hátiðarmessa kl. 8 á páskadags-
morgun 31. mars. Kirkjukórinn
syngur undir stjórn Eyrúnar
Jónasdóttur organista.
Morgunverður í safnaðarheimili á
eftir. Verið öll velkomin!

Þingvallakirkja

Hátiðarmessa kl. 14 á páskadag.
Prestsþjónusta Kristján Björnsson.

Selfoskirkja

Skírdagur 28. mars
Fermingarmessa kl. 11:00
Páskadagur 31. mars
Hátiðarguðsþjónusta kl. 08:00.
Prestur Gunnar Jóhannesson,
organisti Edit A. Molnár,
Kirkjukórinn syngur.
Morgunverður í boði sóknarnefnd-
ar í Safnaðarheimilinu á eftir.

Laugardælakirkja

Skírdagur 28. mars
Messa kl. 14:00. Prestur Ása
Björk Ólafsdóttir, organisti
Guðmundur Eiríksson, almennur
safnaðarsöngur.
Aðalsafnaðarfundur eftir messuna.

Eyrarbakakirkja

Skírdagur 28. mars
Messa með altarisgöngu kl. 20:00.
Prestur Ása Björk Ólafsdóttir, org-
anisti Pétur Núi Stefánsson,
Kammerkór Eyrarbakakirkju
syngur, einsöng syngur Bryndís
Magnúsdóttir.
Föstudagurinn langi 29. mars
Kyrðarstund kl. 20:00. Prestur
Ása Björk Ólafsdóttir, organisti
Pétur Núi Stefánsson, Kammerkór
Eyrarbakakirkju syngur. Einsöng
syngur Bryndís Magnúsdóttir.
Páskadagur 31. mars
Hátiðarguðsþjónusta kl. 08:00.
Prestur Guðbjörg Arnardóttir, org-
anisti Pétur Núi Stefánsson,
Kammerkór Eyrarbakakirkju
syngur.

Stokkseyrarkirkja

Páskadagur 31. mars
Hátiðarguðsþjónusta kl. 11:00.
Prestur Guðbjörg Arnardóttir, org-
anisti Haukur Arnarr Gíslason,
Kirkjukórinn syngur. Kaffi í safn-
aðarheimilinu á eftir.

Hraungerðiskirkja

Páskadagur 31. mars
Hátiðarguðsþjónusta kl. 11:00.
Prestur Gunnar Jóhannesson,
organisti Guðmundur Eiríksson,
Kirkjukórinn syngur.

Villingaholt skirkja

2. páskadagur 1. apríl
Hátiðarguðsþjónusta kl. 11:00.
Prestur Guðbjörg Arnardóttir, org-
anisti Guðmundur Eiríksson,
Kirkjukórinn syngur.

Gaulverjabæjarkirkja

2. páskadagur 1. apríl
Hátiðarguðsþjónusta kl. 14:00.
Prestur Guðbjörg Arnardóttir, org-
anisti Haukur Arnarr Gíslason,
Kirkjukórinn syngur.

Úthlíðarkirkja

Hátiðarmessa á páskadag kl. 16.
Organisti Jón Bjarnason.
Prestsþjónusta Axel Arnason
Njarðvík.

Stóru-Borgarkirkja

Hátiðarmessa á öðrum degi
páska kl. 11. Organisti Jón
Bjarnason. Prestsþjónusta Axel
Arnason Njarðvík.

Úlfjótavatnskirkja

Hátiðarmessa kl. 14 á öðrum degi
páska. Organisti Jón Bjarnason.
Prestsþjónusta Axel Arnason
Njarðvík.

Torfastaðakirkja

Guðsþjónsta og lestur píslarsög-
unnar kl. 14. Organisti Jón
Bjarnason. Prestsþjónusta Axel
Arnason Njarðvík

Miðdalskirkja

Ferming kl. 11 skírdag. Organisti
Jón Bjarnason. Kór Miðdalskirkju
leiðir söng. Prestsþjónusta Axel
Arnason Njarðvík
Hátiðarmessa á páskadag kl. 11.
Organisti Jón Bjarnason. Kór
Miðdalskirkju leiðir söng.
Prestsþjónusta Axel Arnason
Njarðvík

Bræðratungukirkja

Guðsþjónusta á skírdag kl.
14. Organist Jón Bjarnason.
Prestsþjónusta Axel Arnason
Njarðvík

Skálholtsdómkirkja.

Miðvikudagur fyrir páska. Orgel
tónleikar Jóns Bjarnasonar kl. 20.
Messa á skírdagskvöld kl. 20.
Organisti Jón Bjarnason
Prestsþjónusta Kristján
Björnsson. Getsemanestund í
lokin, þar sem altarið er afskrýtt.
Föstudagurinn langi kl. 16.
Guðsþjónsta og lestur píslarsög-
unnar og söngur Skálholtskórsins.
Organisti Jón Bjarnason.
Prestsþjónusta Kristján
Björnsson og Axel Á Njarðvík.
Messa við sólarupprás á páska-
dagsmorgni kl. 6:15 á altarisgrunni
miðaldakirkjunnar í Skálholti.
Prestsþjónusta Axel Arnason
Njarðvík.
Messa á páskamorgni. Organisti
Jón Bjarnason. Prestsþjónusta
Kristján Björnsson. Boðið til morg-
unverðar á Veitingastaðnum
Hvönn eftir árdagsmessuna.
Messa kl. 14 með hátiðartóni sr.
Bjarna Þorsteinssonar. Organisti
Jón Bjarnason. Skálholtskórinn
syngur. Prestsþjónusta Axel
Arnason Njarðvík.

Leiga óskast

Húsnæði óskast.

Útlendingur um tvítugt óskar eftir
herbergi.
Greiðslugeta um 100 þús. á mánu-
ði. Hann er í skóla og vinnu.
Uppl. í síma: Zaki 790 6441
enska, Ásdís 866 6597 íslenska.

ÞJÓNUSTA

Smiður óskar
eftir verkefnumSmiður getur tekið að sér við-
hald í heimahúsum og sumar-
húsum á höfuðborgarsvæð-
inu, Selfossi eða Hveragerði.
Dagvinna, kvöldvinna og/eða
helgarvinna. Parket, flísar,
samsetning á eldhúsinnrétt-
ingum, gips, málun o.fl. Nánari
uppl. í síma 777 2265.

HEILSA

Dáleiðsla - Heilsa

Dáleiðsla til að finna rót
vandamála líkamlegra sem
andlegra.Dáleiðsla til skemmtunar
m.a. til að sjá liðna atburði
og jafvel fyrri lífi! – Hvar varst
þú í fyrra lífi?Einkatímar, en einnig er
hægt að bóka fyrir hópa í
heimahúsum.Einnig augnlestur,
heilsuráðgjöf, nudd og
svæðanudd.Bókanir á
heilsulindheidars@simnet.is
eða í síma 898 1501 (SMS)

Heiðar Ragnarsson

Lúðrasveit Þorlákshafnar er Suðurlandsgersemi

Lúðrasveit Þorlákshafnar fagnar 40 ára afmæli í ár en hún var stofnuð þann 23. febrúar 1984 og hefur starfað óslitið síðan. Verkefnin hafa verið gríðar fjölbreytt í gegnum tíðina - allt frá hefðbundinni lúðrasveitar-tónlist og 17. júní spilamennsku yfir í háklassík, popp og rokk! Og lúðrasveitin hefur á þessum árum fengið þó nokkra ólíka listamenn með sér til samstarfs. Allt þetta ætlar lúðrasveitin að ramma inn og gera skil í sannkallaðri sunnlenskri stórtónleika afmælisveislu þann 13. apríl nk. og bjóða með sér flunku nýjum gestum og einum gömlum alveg uppáhalds. Tónleikarnir verða haldnir í Íþróttamiðstöð Þorlákshafnar kl. 15 og eins og oft áður, þá munu félagar LÞ gjörbreyta íþróttasal í tónleikahöll. Miðasala er farin á fullt inn á tix.is og þætti okkur vænt um að sjá sem flesta Sunnlendinga fjölmenna og taka þátt í afmælisfögnuðinum.

Með lúðrasveitinni, sem telur um 45 meðlimi, munu koma fram hljómsveitin Skítamóráll, Karla-kór Selfoss, Jónas Sig og Vigdís Hafliðadóttir sem jafn-

framt er kynnir. Að auki koma fram Tómas Jónsson á hljómborð, Guðni Finnsson á bassa-gítar og Arnar Þór Gíslason á trommur. Stjórnandi Lúðrasveitarinnar er Daði Þór Einarsson. Tónlistin er frá ýmsum tímabilum og eftir ólíka höfunda sem allir eru með tengingu við Suðurland. Elsta tónskáldið er fætt 1893 og hið yngsta 1992. Dag-skráin er afar metnaðarfull og verulega fjölbreytt bæði í tali og tónum og mun hreyfa við öllum tilfinningaskalanum. Í gegnum kynningar á tónleikunum verður sunnlenskri tónlistarsögu gerð einhverskonar skil og óhætt að segja að þar er af nógu af taka.

Meðlimir Lúðrasveitar Þorlákshafnar er einkar samheldinn hópur sem vilar fátt fyrir sér og tekst á við ný verkefni af krafti og tilhlökkun. Það er þess vegna sem hægt er að fara í hvert stórverkefnið á fætur öðru. Sveitin hefur átt því láni að fagna að eðlileg endurnýjun á sér stað, þ.e. ungt fólk kemur í sveitina þegar það hefur náð ákveðnum aldri og þá líka 3. stigi í tónlist. Mikill meirihluti hljóðfæraleik-ara LÞ eru aldri upp í Þorlaks-

höfn og hafa lært á sín hljóðfæri hjá Tónlistarskóla Árnesinga hvar LÞ meðlimir eiga kennara. Vissulega eru líka einhverjir sem hafa flutt að og kynnst þessum félagsskap og er öllum tekið opnum örmum enda lúðra-fangið breitt og heitt. Flest búa í Þorlákshöfn en svo er líka tölu-verður hluti sem býr á höfuð-borgarsvæðinu og einhverjir í nágrennasveitarfélögum og því má segja að lúðrasveitin sé líka brú til brottfluttra. Meðlimir sveitarinnar spanna allan aldur, allt frá 18 ára og að sjötugu, andinn er frábær og þrátt fyrir aldursbilið er ekkert kynslóða-bil. Alþýðuhljómsveit sem þessi er þverskurður mannlífs og gantast lúðrasveitarmeðlimir oft með að í raun sé sveitin sjálfbær að einhverju leiti með hjúkrunarfræðinga, rafvirkja, kennara á öllum skólastigum, framhalds- og háskólanema, félagsfræðing, grafískan hönnuð, markaðs- og menningarsérfræðing, lækni, leikara, rakara, flugfreyju og svo mætti lengi telja.

Við viljum nota tækifærið og þakka öllu velgjörðarfólki Lúðrasveitar Þorlákshafnar þessi 40 ár, það er ómetanlegt að eiga ykkur að og geta gengið að því vísu að „fólkið sitt“ fjöl-menni á tónleika. Við viljum líka þakka öllum þeim fjölmörgu hljóðfæraleikurum sem einhvern tíman hafa verið félagar í Lúðrasveitinni og að sjálfsögðu bjóðum við ykkur hjartanlega velkomin aftur! Það má alltaf dusta rykið af hljóðfærinu og slást í þennan skemmtilega og gefandi félagsskap.

Fyrir hönd LÞ,
Ágústa Ragnarsdóttir formaður
og Ása Berglind Hjálmarsdóttir
varaformaður



SPENNANDI STARF Í
VERSLUN LÍFLANDS Á
HVOLSVELLI



Lífland óskar eftir starfsmanni með meirapróf í verslun Líflands á Hvolsvelli.

Vinnutími er frá kl. 8-17 alla virka daga og frá kl. 10-14 annan hvern laugardag. Starfsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Starfssvið

- Ráðgjöf og sala til viðskiptavina
- Útkeyrsla á vörum til viðskiptavina
- Framstillingar í verslun
- Almenn verslunarstörf

Hæfniskröfur

- Meirapróf (C)
- Reynsla af sölumennsku/verslunarstörfum
- Þekking á íslenskum landbúnaði og hestamennsku er kostur
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Lyftararéttindi eru kostur
- Góð almenn tölvuþekking

Á sama stað er óskað eftir sumarstarfsmanni í sumar, með möguleika á áframhaldandi hluta-starfi. Ekki er þörf á meiraprófi í sumarstarfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Örvar verslunarstjóri í síma 487-8888 eða í versluninni, Ormsvelli 5.

Áhugasamir eru beðnir um að senda umsókn og ferilskrá á atvinna@lifland.is

LÍFLAND

Reykjavík | Akureyri | Borgarnes | Blönduós | Hvolsvöllur | Selfoss
Lynghóls 3 | Grímseyjargata 2 | Digranesgata 6 | Efstabraut 1 | Ormsvöllur 5 | Austurvegur 69



Nýjar fréttir á
hverjum degi!



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR



Útboð

Grímsnes- og Grafningshreppur óskar eftir tilboðum í verkið:

Sláttur, hirðing og áburður á opnum svæðum á Borg í Grímsnes- og Grafningshrepp.

Helstu magntölur eru:

Sláttur og hirðing: 150.000 m²
Dreifing áburðar: 14.000 m²

Útboðsgögn verða send í tölvupósti frá 4. apríl. Áhugsamir um verkið skulu hafa samband við Steinar Sigurjónsson í netfangið steinar@gogg.is til að fá útboðsgögnin í tölvupósti.

Verktímabil er frá 15. maí til 15. september. Verksamningur er til þriggja ára með möguleika á framlengingu.

Tilboðum skal skilað inn á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps í Stjórnsýsluhúsinu á Borg fyrir kl. 11:00 þann 15. apríl 2024.

Útboð



EFLA, fyrir hönd Grímsnes- og Grafningshrepps óskar eftir tilboðum í byggingu 700 m² viðbyggingar á tveimur hæðum við Íþróttamiðstöðina á Borg í Grímsnesi. Útboðsgögn verða afhent frá og með föstudeginum 22. mars. Verklök eru 15. ágúst 2025

Helstu stærðir útboðsverksins eru:

Klæðning útveggja	480 m ²
Steypumót	1.990 m ²
Bendistál	28.100 kg
Steinsteypa	310 m ³
Forsteyptar holplötur	210 m ²
Gluggaflétir	18 m ²

Útboðsgögn fást afhent rafrænt á útboðsvef EFLU: <https://efla.ajoursystem.net/tender>
Tengiliður útboðsins er Orri Jónsson, orri.jons@efla.is.
Tilboð verða opnuð 24. apríl kl. 11.00.



Geir Sveinsson lætur af störfum

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti á fundi sínum á föstudag tillögu að starfslokasamningi við Geir Sveinsson sem gegnt hefur starfi bæjarstjóra Hveragerðisbæjar undanfarin tvö ár. Geir lét þá þegar af störfum. Tillagan var samþykkt með fimm atkvæðum meirihluta Framsóknar og Okkar Hveragerðis en fulltrúar minnihlutans í D-listanum í Hveragerði sátu hjá við afgreiðsluna, samkvæmt tilkynningu frá Hveragerðisbæ.

Forseta bæjarstjórnar og formanni bæjarráðs var falið að finna arftaka Geirs en Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri Hveragerðisbæjar, verður staðgengill bæjarstjóra þangað til.

„Sem nýr bæjarstjóri hjá nýjum meirihluta í Hveragerði leiddi Geir mörg krefjandi verkefni farsælega. Nú er hins vegar komið að leiðarlokum. Við þökkum honum kærlega fyrir samstarfið og óskum honum alls hins besta í þeim verkefnum sem hann tekur sér næst fyrir hendur,“ segir Njörður Sigurðsson, forseti bæjarstjórnar.

„Frá því að núverandi meirihluti tók við og réð Geir Sveinsson til starfa hefur meðal annars verið unnið að stækkun leik- og grunnskóla, ný sorphirða verið

innleidd, vinnu við stækkun íþróttahúss hrint úr vör sem og vinnu við hönnun nýs gervi-grasvallar. Þá var ráðist í stefnumótun og breytingar á skipuriti bæjarins, fræðslu- og velferðarsviði komið á fót, lækun leikskólagjalda, frístundastyrkur hækkaður verulega og fráveitumál eru komin á áætlun. Unnið hefur verið að skipulagningu í Fagrahvatnsslandinu og Öxl og þá er ótalið Árhólmaverkefnið sem mun skila Hveragerðisbæ hundruðum milljóna í tekjur þegar fram líða stundir,“ segir einnig í tilkynningunni.

„Stundum gengur fólk ekki í takt“

„Það voru forréttindi að fá að starfa sem bæjarstjóri í Hveragerði. Mér var vel tekið af starfsfólki og íbúum. Það er hins vegar svo að stundum gengur fólk ekki í takt og því er farsælast fyrir alla að ég láti nú af störfum. Um það vorum við meirihlutinn í bæjarstjórn sam-mála. Ég stíg sáttur frá borði og er stoltur af þeim verkefnum sem við komum til leiða. Ég á eftir að sakna samstarfsfólks míns en óska þeim velfarnaðar í komandi verkefnum. Þá vil ég skila þakklæti fyrir samstarfið



til meirihlutans í Okkar Hveragerði og Framsókn með velfarnaðaróskum í komandi verkefnum. Það eru spennandi tímar framundan hjá sveitarfélaginu,“ segir Geir Sveinsson, fráfarandi bæjarstjóri.

Geir fær greidd laun vegna starfsloka í samræmi við ráðningarsamning.

Ertu að fara að vinna í garðinum?

Ég er með lágbyggt fleti/pall til leigu undir hrein jarðefni og garðúrgang.

Er staðsettur í Hveragerði. Tek einnig að mér vélavinnu.

Óðinn Freyr 615-3783



Sumarbúðir fyrir 6-12 og 13-15 ára í náttúruferlu á Norð-Austurlandi! Verð um 10 þús. kr. á sólarhring. Systkinaafsláttur astjorn.is – 4623980 facebook.com/astjorn [instagram](https://instagram.com/astjorn) – [youtube](https://youtube.com/astjorn)



Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180 - Hellismýri 14 - 800 Selfossi

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþjónustur - Almennar raflagnir



LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

HSH

Þrif og flutningar ehf
Breiðumýri 3 Selfossi
Hefur opnað þvottahús,

Þvottur- og leiga á líni-,
ræstingar, þrif og
flutningarþjónusta
Uppl. í síma 792.1727 eða
hshflutningar@gmail.com



Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is



ÖKULAND

Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



Garðálfar frá Laugarvatni í Húsinu á Eyrarbakka

Ljósmynda- og farandsýning-
Lin „Ef garðálfar gætu talað“
er nýopnuð í Byggðasafni Árnesinga í Húsinu á Eyrarbakka. Þar gefst gestum tækifæri til að horfa inn í veröld þeirra sem byggðu sér sælureit í hjólhýsa-byggð á Laugarvatni. Ljósmyndararnir Þórdís Erla Ágústsdóttir og Sigríður Rut Marrow mynduðu þetta sérstæða samfélag í þrjú sumur, á árunum 2019 – 2021. Frá þjóðveginum sást aðeins þyrping hjólhýsa á grónu svæði en þegar inn var komið blasti við margbrotið samfélag; allskyns hýsi, garðpallar, blóm og íbúarnir sjálfir að ógleymdum garðálfunum. Litríkar myndir sýna samveru, sumar og sælu en garðálfar hafa líka komið sér vel fyrir í hlýlegri borðstofu Hússins.

Sýningartextar eru eftir rithöfundinn Guðrúnu Evu Mínervudóttur. „Ef garðálfar gætu talað“ er farandsýning frá Þjóðminjasafni Íslands en þar var sýningin haldin á nýliðnum vetri.

Sigríður og Þórdís hafa í sínum verkum gjarnan lagt áherslu á að mynda jaðarmenningu og hverfandi samfélög. Í dag er hjólhýsabyggðin á Laugarvatni aflögð og heimildargildi myndaseriunnar dýrmætt.

Sýningin er opin líkt og safnið alla daga frá 23. mars til 1. apríl kl. 13 – 17 og svo allar helgar í apríl á sama tíma. Sumaropnun safnsins hefst í maí með lengri opnunartíma og gestir geta heimsótt sýninguna fram í maílok.

Byggðasafn Árnesinga



PÚLSINN

Raf & kæliþjónusta

Sími: 760-5670
pulsinn@pulsinn.com

Kæli &
Frystikerfi

- Viðgerðir
- Þjónusta
- Nýsmíði
- Rafmagn